

Fimm ára markáætlun GB

Málefnskrá fundar
17.3.2021

Sett af stjórnendum aðildarfélaganna og endurskoðuð á tveggja ára fresti.
Starfsáætlun stjórnar á hverju ári er mótuð innan markáætlunarinnar.

„Markmið félagsins er að hvetja til stöðugra umbóta í anda sjálfbærrar þróunar í mannvirkjagerð og skipulagi“
(Úr 2. gr. laga Grænni byggðar)

REKSTUR

Aðildarstefna

Aðildarflokkar, ávinningur, siðareglur...

Fjármálastefna

Tekjuöflun, rekstrarviðmið, rekstrarform...

Starfsmannastefna

Starfskjör, kjaramál, tryggingar...

Aðstaða

Staðsetning, fundaaðstaða, tæki, aðbúnaður...

STARFSEMI

Viðburðir, fræðsla

Dagur GB
•
Málþing
•
Morgun-
verðarfundir
•
Námskeið
•
Samkeppni
•
...

Starf, verkefni

Rannsóknir
•
Forysta
•
Aðhald
•
Þátttaka
•
Sértæk
verkefni
•
...

Samstarf

WGBC/EGBC
•
NGBC
•
BREEAM
•
Aðildarfélög
•
Svanurinn
•
Skólar
•
...

ÁHERSLUR

Málefni

Samfélag
•
Umhverfi
•
Efnahagur
•
Heimsmarkmið SP
•
Sértækar áherslur
•
...

WGBC – World Green Building Council
EGBC – European Green Building Council
NGBC – Nordic Green Building Councils



Fimm ára markáætlun GB

Málefnastrá fundar
17.3.2021

REKSTUR

Aðildarstefna

Aðildarflokkar, ávinningur, siðareglur...

Aðildarflokkar

Samkvæmt lögum félagsins eru aðildarflokkarnir fjórir og skipa aðilar sér í flokka eftir upphæð árgjalds. Stuðningsaðild fyrir einstaklinga er lægsta upphæðin sem veitir aðila í 4. flokki eitt atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin í 3. flokki er með tvö atkvæði á aðalfundi, næst hæsta upphæðin í 2. flokki er með fjögur atkvæði og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokki sex atkvæði á aðalfundi.

- Árgjald flokka er:

1. flokkur	665.000 kr.
2. flokkur	400.000 kr.
3. flokkur	133.000 kr.
4. flokkur	25.000 kr.

Ávinningur aðildar

Enginn greinarmunur er gerður á aðildarfélögum umfram fjölda atkvæða á aðalfundi. Að öðru leiti veitir aðild öllum félögum eftirfarandi:

- Mögulega aðild að verkefnum sem gefa tekjur og félaginu er falið að vinna
- Afslátt af viðburðum
- Heimild til að nota GB í kynningum sínum
- Aðgengi að tengslaneti félagsins

Að mati stjórnar sker ávinningur aðildar í efstu flokkum sig ekki nægjanlega úr til að gera slíka aðild eftirsóttá. Betra væri að aðildarávinningur færi vaxandi eftir því sem hærra árgjald er greitt. Eftirfarandi hugmyndir eru því til skoðunar og óskað er eftir fleiri hugmyndum.

Siðareglur

Engar sameiginlegar siðareglur hafa verið settar fyrir aðildarfélög að fylgja. Eftirfarandi eru möguleg ákvæði. Óskað er eftir fleiri hugmyndum:

Ákvæði um heilindi í starfsemi:

- Stjórn og starfsfólk gæta hagsmuna samtakanna í störfum sínum
- Stjórn og starfsfólk gætir trúnaðar í meðferð á upplýsingum um aðila

Ákvæði aðildar:

- Aðilar styðji af heilug við sjálfbæra þróun í starfsemi sinni
- Aðilar ásýni hvor öðrum traust í sameiginlegu starfi félagsins

Tillögur að aðildarstefnu

- Að greinarmunur verði gerður á ávinningi aðildarfélaga umfram fjölda atkvæða á aðalfundi.

Tillögur að ávinningi eru í eftirfarandi þrepum:

- Bakhjarl Dags Grænni byggðar og kynntir í kynningarefni fyrir viðburðinn
- Býðst til að vera með kynningarefni á viðburðinum
- Veitir mögulega aðild að verkefnum sem gefa tekjur og félaginu er falið að vinna
- Stöðufundur með framkvæmdastjóra og/eða stjórnarformanni Grænni byggðar tvisvar á ári
- Afslátt af viðburðum
- Heimild til að nota GB í kynningum sínum
- Aðgengi að tengslaneti félagsins



Fimm ára markáætlun GB

Málefnskrá fundar
17.3.2021

REKSTUR

Fjármálastefna

Tekjuöflun, rekstrarviðmið, rekstrarform...

Tekjuöflun

Til þessa hafa tekjur félagsins aðallega komið úr aðildargjöldum (80%) og úr styrkjum og rannsóknarverkefnum (20%). Að mati WGBC eru þetta of einsleitar tekjur en aðildarfélög samtakanna eru hvött til þess að fjölga tekjustofnum sínum til þess að styrkja stoðir starfseminnar.

Markviss sókn til að fjölga aðildarfélögum hefur ekki verið skipulögð. Tekið er á mótí umsóknum sem berast. Aðildarfélögum hefur fjölgað jafnt og þétt. Engin opinber gjaldskrá er til fyrir viðburði.

Litið hefur verið til þess að GB taki að sér „umboðshlutverk“ BREEAM á Íslandi og þannig aukist tekjumöguleikar félagsins sbr. systurfélög á norðurlöndum.

Einnig er horft til þess að með aukinni aðild að WGBC gefist tækifæri til samstarfs á sviði rannsókna í Evrópu sbr. GBC í Póllandi.

Með þessum viðbótum bætast við verkefni í starfsemi félagsins sem þarfnast vinnuafis til að sinna svo vel fari og við það mun rekstrarkostnaður aukast.

Áhættan sem tekin er með því að bæta við tekjustofnum er fólgin í auknum umsvifum sem geta haft áhrif á ásýnd félagsins og áherslur í starfsemi.

Tillögur að tekjuöflun

Gerast BREEAM Champion sem gerir kleift:

- Að halda námskeið fyrir CEEQUAL Awareness, BREEAM Awareness, BREEAM Associate og BREEAM In-Use
- Að þýða og gefa út BREEAM fagrit

Taka næsta skref í aðild að WGBC gerir kleift:

- Að hefja samstarf með öðrum GBC félögum í umsóknum um rannsóknarstyrki
- Að þýða og gefa út fagrit frá WGBC

Aðild GB

- Vinna markvist að því að fjölga aðilum
- Hækka/breyta aðildargjöldum

Sjálfbærinám GB

- Setja á laggirnar skóla/námskeið sem væru kennd reglulega. Mögulega unnið í samstarfi

Viðburðir GB

- Setja upp gjaldskrá fyrir viðburði og innheimta.



Fimm ára markáætlun GB

Málefnskrá fundar
17.3.2021

REKSTUR

Starfsmannastefna

Starfskjör, kjaramál, tryggingar...

Starfsmannastefna

Hjá félaginu er framkvæmdastjórinn eini fasti starfsmaðurinn með um 80% starfshlutfall. Til viðbótar er ráðið aðstoðarfólk, gjarnan háskólanemendur, eftir þörfum til þess að takast á við aðkallandi verkefni. Stórum hluta af greiddri rannsóknarvinnu er útvistað til aðildarfélaga sem aðkeypt þjónusta.

Hafi félagið í hyggju að færa út kvíarnar með samkomulagi við BRE-Global og WGBC er ljóst að fjölga þarf störfum hjá félaginu.

Engin skjalfest starfsmannastefna með settum markmiðum, viðmiðum fyrir ráðningu, starfslýsingum og lýsingu á starfskjörum og vinnuskyldu er til staðar fyrir félagið.

Hugmyndir að innihaldi starfsmannastefnu

- Starfskjör, vinnuskylda og vinnutími
- Kjaramál og ráðningasamningar
- Fríðindi og styrkir
- Starfsþróun
- Jafnrétti og fjölskylduábyrgð
- Fleiri tillögur óskast.



Fimm ára markáætlun GB

Málefnskrá fundar
17.3.2021

REKSTUR

Aðstaða

Staðsetning, fundaaðstaða, tæki, aðbúnaður...

Aðstaða

Félagið hefur alla tíð verið hýst hjá einhverjum af aðildarfélögum þess, félaginu að kostnaðarlausu. Aðildarfélög hafa skipst á um að hýsa félagið. Þetta þýðir að félagið hefur ekki átt sitt eigið heimilisfesti. Síðasta ár hefur þetta breyst og félagið leigir nú skrifstofu-aðstöðu í sameiginlegu rými smáfyrirtækja frá einu aðildarfélaganna. Sem stendur dugar aðstaðan fyrir þá daglegu starfsemi og starfsmannafjölda sem nú er í gangi en stjórnarfundir eru haldnir hjá aðildarfélögum stjórnarmeðlima á víxl.

Áhöld og tæki

Félagið á og rekur eina fartölvu með lágmarksbúnaði til að taka þátt í fjarfundum. Skrifborð og stólar fylgja leiguhúsnæðinu en félagið á tvö rafmagnsskrifborð.

Heimasíða og netmiðlar

Félagið á og rekur lénið graennibyggd.is. Félagið er með netaðsetur á facebook, LinkedIn og Twitter. Þar sem skrifstofa félagsins býður ekki upp á að veita utanaðkomandi neina þjónustu, er ásýnd félagsins bundin við stafræna starfsemi þess.

Tillögur að bættri aðstöðu

- Leigja eða semja um varanlega skrifstofuaðstöðu sem getur rúmað þá starfsemi sem framundan er
- Setja upp viðunandi starfsaðstöðu fyrir starfsfólk félagsins
- Gera það kleift að taka á móti gestum
- Faglegt skapandi umhverfi
- Fundaraðstaða
- Fleiri tillögur óskast



Fimm ára markáætlun GB

Málefnastrá fundar
17.3.2021

Dagur Grænni byggðar

Ráðstefna haldin árlega. Gjarnan með áherslu á tiltekið málefni. Ávarp ráðherra, erlendir fyrirlesarar. Undirbúinn með 6-8 mán. fyrirvara. Stjórn skipar undirbúnings-nefnd sem vinnur með framkvæmdastjóra.

Málþing

Ráðstefna haldin 1-2 á ári um tiltekið málefni. Fyrirlesarar frá aðildarfélögum. Í samvinnu við aðra. Undirbúinn með 3-6 mán. fyrirvara. Er í höndum framkvæmdastjóra.

Morgunverðarfundir

Haldnir 8-10 sinnum á ári. Stuttir fundir um fjölbreytt málefni. Aðeins fyrir aðila. Fyrirlesarar frá aðildarfélögum. Er í höndum framkvæmdastjóra

Námskeið

Einstök námskeið hafa verið haldin í samvinnu við aðra (Iðan, EHÍ). Er svörun við óskum frá námskeiðahöldurum. Fyrirlesarar oftast frá aðildarfélögum.

STARFSEMI

Viðburðir, fræðsla

Dagur GB
•
Málþing
•
Morgun-
verðarfundir
•
Námskeið
•
Samkeppni
•
...

Tillögur að viðburðum

- Námskeið Grænni byggðar Reglubundin námskeið skipulögð fyrir alla. Kennarar frá aðildarfélögum GB.
- Hugmyndasamkeppni GB. Auglýst samkeppni um vistvænar lausnir. Væri mögulega í samvinnu við skólastofnanir. Veitt yrðu verðlaun GB fyrir bestu hugmyndina.
- Vinnustofa GB. Skipulögð vinnustofa þar sem aðildarfélögum væri boðið að taka þátt í úrlausn á tilteknum málum. Í kjölfarið er gefið út rit með niðurstöðum.
- BREEAM vinnuhópur
- Óskað er eftir fleiri tillögum.



Fimm ára markáætlun GB

Málefnaþrá fundar
17.3.2021

Rannsóknir

GB tekur þátt í rannsóknum þegar eftir því er leitað hjá stofnunum. Er í höndum framkvæmdastjórans.

Forysta

Af og til eru birtar greinar í fjölmiðum í nafni GB. Oftast sem viðbrögð við annarri umræðu. Stundum leitað til GB til að koma í viðtöl í fjölmiðlum. Í höndum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna.

Aðhald

Skrifaðar eru umsagnir um valin opinber málefni sem eru í umsagnarferli. Er í höndum framkvæmdastjóra með aðstoð stjórnar.

Þátttaka

GB hefur verið með kynningarbás á ýmsum messum, t.d. Verk og vit og Lífum betur. Er í höndum framkvæmdastjóra.

STARFSEMI

Starf, verkefni

Rannsóknir



Forysta



Aðhald



Þátttaka



Sértæk verkefni



...

Tillögur að verkefnum

- GB taki oftari þátt í viðburðum annarra systurfélaga.
- Þýðingar á erlendum skýrslum eða öðru fræðslufni frá samstarfsaðilum sem gerð yrðu aðgengileg öllum.
- Sértæk verkefni.
Taka fyrir ákveðin málefni og gera þeim skil án stuðnings eða aðkomu annarra.
- Setja upp og auglýsa til úrvinnslu meðal háskólanema úrval af verkefnum á sviði sjálfbærni í mannvirkjagerð. Veita nemendum stuðning í gegnum tengslanet GB.
- Fleiri tillögur óskast.



Fimm ára markáætlun GB

Málefnskrá fundar
17.3.2021

WGBC

GB hefur „Prospective“ aðild að WGBC sem er fyrsta stig aðildar. Gert er ráð fyrir að slík félög taki næsta skref („Emerging“) innan tveggja ára eftir fyrstu aðild. Undirbúningur fyrir það er yfirstandandi.

Með aðildarbreytingunni verður GBGI tengdara inn í alþjóðlega rannsóknarverkefnamöguleika sem opnar möguleika á tekjuöflun.

NGBC


Nýlega aukið samstarf norrænna systurfélaga. Verið er að skipuleggja 3 sameiginlega viðburði á þessu ári. Ýmsir möguleikar eru á auknu samstarfi við Norðurlöndin á ótal sviðum.

BREEAM

GB er í viðræðum við BRE Global um að gerast „BREEAM Champion“ á Íslandi. Með því verður GB samstarfsaðili BRE um kynningu og námskeiðahald á Íslandi og helsti tengiliður ísl. markaðarins við BRE Global.

Auk þess að styðja við framgang vottunarinnar fylgja ýmsir tekjumöguleikar.

STARFSEMI



Mögulegt samstarf

- GB taki upp nánara samstarf við Svaninn á mannvirkjasviði. Gerist n.k. tengiliður við markaðinn.
- Að GB stofni til sérstakrar samvinnu við aðildarfélag. N.k. bakhjarlasamkomulag um þróunarsamvinnu sem er fjármögnuð af aðildarfélaginu. T.d. HMS.
- Að GB stofni til samvinnu við skóla- og rannsóknarstofnanir þar sem skólastofnanir nýta sér tenglanet GB í kennslu en GB fær aðgengi að nemendum í þróunarvinnu.
- Efna til samstarfs við SI um fræðslu um sjálfbærni meðal aðildarfélaga SI.



Fimm ára markáætlun GB

Málefnskrá fundar
17.3.2021

ÁHERSLUR

Málefni

Samfélag

•
Umhverfi

•
Efnahagur

•
Heimsmarkmið SP

•
Sértækar áherslur

•
...

Sértækar áherslur í starfsemi GB

- Vegvísir fyrir aðildarfélög um sjálfbæra þróun í mannvirkjagerð.
- Vistvænt skipulag
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Viðnámsþróttur mannvirkja - áhrif loftslagsbreytinga
- Verndun vistkerfa í manngerðu umhverfi
- Hringrásarhagkerfið og lífsferill hringrásar, gæði, endurnýting og minni sóun
- Orkunotkun á líftíma
- Vistvænir samgönguinnviðir
- Vistvottunarkerfi og notkun þeirra
- Efnahagslegir hvatar til aukinnar sjálfbærni
- Sporlaus mannvirki
- Vandamál tengd innivist - heilsa, hljóð, sjón og snerting
- Aðferðir við mat á sjálfbærni mannvirkja

